



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2015

1402023SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, 512. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Afstaða til frumvarpsins

Sambandið fagnar framlagningu frumvarpsins. Löggjöfinni er ætlað að vera fyrirbyggjandi og fjalla almennt um ýmsar varúðarráðstafanir vegna hættu á gróðureldum.

Verði frumvarpið að lögum verður sinubrenna eingöngu heimil á lögbýlum þar sem stundaður er landbúnaður og einungis í rökstuddum tilgangi í jarðrækt eða búfjárrækt og þá samkvæmt skriflegu leyfi sýslumanns, sem jafnframt skal halda skrá og tilkynna hlutaðeigandi slökkviliði og heilbrigðisnefnd um útgefin leyfi, sbr. 3. og 4. gr.

Sveitarstjórnir fá heimild til að afmarka svæði í brunavarnaáætlun þar sem óheimilt er að brenna sinu vegna þeirrar hættu sem af því getur stafað fyrir umhverfið, nálæg mannvirki eða starfsemi á svæðinu, sbr. 6. gr. Verulega hefur skort á að sveitarfélög geri brunavarnaáætlanir en frumvarpið ætti að geta orðið sveitarfélögum hvatning til úrbóta.

Þá verði óheimilt að brenna bálköst nema með skriflegu leyfi sýslumanns að fengnu samþykki slökkviliðsstjóra og starfsleyfi heilbrigðisnefndar nema ef brennt er minna en 1 rúmmetrar af efni, sbr. 5. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins segir að sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi, þannig að saknæmt sé, beri fébótaábyrgð á því tjóni sem af hlýst og er jafnframt heimilt að innheimta kostnað við útkall slökkviliðs hjá þeim sem tjóni veldur með saknæmum hætti.

Í fylgiskjali með frumvarpinu kemur fram það mat umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að gera verði ráð fyrir því að útköllum slökkviliða vegna sinubruna muni fækka umtalsvert ef frumvarpið verður að lögum. Sambandið er sammála því mati.

Ábendingar við frumvarpið

Í 11. gr. frv. er fjallað um eftirlit með framkvæmd laganna. Ekki er getið um aðkomu lögreglu að eftirliti en þess má vænta að lögregla sé oft sá aðili sem fær tilkynningu eða verður var við hugsanleg brot á lögnum. Góð samvinna milli slökkviliða og lögreglu er forsenda þess að lagasetningin skili tilætluðum



árangri. Þar sem þungar refsingar geta legið við brotum á lögum telur sambandið mikilvægt að kveðið verði skýrar á um aðkomu lögreglu að eftirliti og rannsókn á meintum brotum.

Í 28. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er ákvæði um meðferð elds sem væntanlega ætti að falla úr gildi ef frumvarpið verður að lögum, enda hefur frumvarpið ítarlegri reglur að geyma en ákvæði náttúruverndarlaga.

Lokaorð

Sambandið er í meginatriðum sammála efni frumvarpsins en leggur þó áherslu á að nefndin gaumgæfi afstöðu hagsmunaaðila og þá sérstaklega samtaka bænda og útivistarsamtaka og meti á grundvelli umsagna þeirra hvort frumvarpið sé á einhvern hátt of íþyngjandi.

Auk þeirrar lagasetningar sem hér er fyrirhuguð telur sambandið ástæðu til þess að sveitarfélög hugi að stefnumótun til að draga úr hættunni á gróðureldum með vönduðu skipulagi. Aukning trjágróðurs víða um land, bæði vegna skógræktar og ræktunar í frístundabyggðum, felur í sér nýjar áskoranir fyrir stjórnvöld. Huga þarf sérstaklega að því í skipulagi að flóttaleiðir séu til staðar ef gróðureldar kvikna og að gott aðgengi sé fyrir slökkvi- og sjúkrabifreiðar. Með tilliti til brunavarna þarf einnig að huga að aðgengi að slökkvivatni og skilgreina gróðurlaus belti til þess að varna því að gróðureldar breiðist óhindrað út.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs